

Beiðni um samstarf um úrtaksgerð í rannsókn á búsetumálum öryrkja

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands er um þessar mundir að undirbúa rannsókn fyrir Öryrkjabandalag Íslands um stöðu öryrkja á húsnæðismarkaði. Til þess að geta aflað upplýsinga meðal öryrkja þarf að efna til samstarfs við aðildarfélög Öryrkjabandalagsins um úrtaksgerð. Með þessu bréfi vill Félagsvísindastofnun upplýsa um aðferðafræði rannsóknarinnar og óska eftir samstarfi.

Bakgrunnur rannsóknar og markmið

Málefnaþingur Öryrkjabandalags Íslands um húsnæðismál hefur farið þess á leit við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að rannsaka stöðu öryrkja á húsnæðismarkaði. Rannsóknin mun verða fyrsta sinnar tegundar þar sem fyrri rannsóknir á lífskjörum og búsetumálum hafa ekki náð til nægjanlega breiðs hóps öryrkja til að unnt sé að fá góða mynd af stöðu mála. Kannanir á vegum Húsnæðis og mannvirkjastofnunar (HSM) gefa vísbendingar um að staða öryrkja á húsnæðismarkaði sé lakari en annarra en þessar kannanir veita þó takmarkaðar upplýsingar vegna lítils fjölda öryrkja í úrtaki.

Afar brýnt er að leita svara við því hvernig öryrkjum gengur að eignast húsnæði og hvort þeir búi við húsnæðisöryggi. Þá er mikilvægt að fá upplýsingar um aðgengi öryrkja að lánnum til kaupa á eigin húsnæði og um umfang greiðslubyrði af húsnæði og áhrif hennar á líðan og daglegt líf. Enn fremur er mikilvægt að kanna hvort húsnæði sé viðunandi og aðgengilegt fötluðu eða veiku fólki. Til að aðgerðir á þessu sviði verði árangursríkar er mikilvægt að þær byggi á góðum gögnum og þekkingu á stöðu mála. Öflun upplýsinga meðal öryrkja er því lykilatriði og rannsóknin mikilvægur liður í starfi Öryrkjabandalags Íslands við hagsmunagæslu fyrir öryrkja.

Aðferðafræði rannsóknarinnar

Félagsvísindastofnun HÍ mun hafa samráð við aðildarfélög ÖBÍ með það að markmiði að fá frá þeim félagatal til þess að unnt sé að leggja síma- og netkönnun fyrir félagsmenn. Félagsvísindastofnun mun taka 4.000 manna úrtak úr skráum aðildarfélaga ÖBÍ og leggja könnun fyrir úrtakið. Könnunin er ætluð fólki með 75% örorkumat, örorkustyrk eða endurhæfingarlífeyri. Því má gera ráð fyrir því að könnunin eigi einungis við um hluta úrtaksins. Í könnuninni er fyrst spurt hvort þessi skilyrði eigi við og í framhaldi eru svarendur með 75% örorkumat, örorkustyrk eða endurhæfingarlífeyri spurðir um húsnæðisaðstæður, reynslu af biðlistum, framboð á húsnæði, ánægju með búsetuhagi og annað sem viðkemur málefni.

Í þeim tilvikum þar sem aðildarfélög geta látið af hendi netföng félagsmanna, verður könnunin fyrst send á netföng fólks og í framhaldi verður hringt í félagsmenn sem ekki hafa svarað á netinu og þeim boðið að svara könnuninni í síma. Ef félagatalið inniheldur kennitölur eða símanúmer en

ekki netföng, verður hringt í félagsmenn í endanlegu úrtaki og þeim boðið að svara könnuninni í síma eða að gefa upp netfang sitt og fá könnunina senda í tölvupósti. Í boði verður að svara könnuninni á íslensku, ensku og auðskildu máli.

Úrtaksgerð og gagnaöflun í gegnum síma er háð því að rannsakendur Félagsvísindastofnunar fái lista yfir kennitölur, símanúmer eða netföng félagsmanna aðildarféлага ÖBÍ.

Næstu skref

Félagsvísindastofnun mun hafa samband við formenn aðildarfélaganna til að kanna afstöðu þeirra til að láta félagatal af hendi. Ef aðildarfélög eru fús til samstarfs, mun Félagsvísindastofnun gera samning um vinnslu persónuupplýsinga við hvert aðildarfélag. Tilgangur vinnslusamnings er að tilgreina skyldur vinnsluaðila til að tryggja lagaákvæði um vinnslu persónuupplýsinga og þá sérstaklega reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 679/2016, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Hafið þið athugasemdir eða ábendingar varðandi aðferðina hvetjum við ykkur til að hafa samband svo við getum í samstarfi stuðlað að framkvæmd þessarar rannsóknar, sem við teljum sérlega mikilvægt hagsmunamál fyrir öryrkja.

Verkefnastjórar Félagsvísindastofnunar sem sjá um rannsóknina eru Ásdís A. Arnalds (aaa1@hi.is) og Brynjar Bjarkason (bbjarkason@hi.is).

Með fyrirfram þökk,


Ásdís A. Arnalds, Félagsvísindastofnun HÍ